

Fundargerð stjórnar

**76. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn
5. september, 2006 að Austurvegi 52, Selfossi. (Slökkvistöð)**

Mættir:

**Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Margeir
Ingólfsson.**

**Einnig mætti á fundinn: Börkur Brynjarsson, verkfræðingur og fulltrúi
BÁ í bygginganefnd um björgunarmiðstöð og Karl Bergsson.**

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 9.30

1. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin)
Farið yfir hugmyndir starfshópsins um innra skipulag
björgunarmiðstöðvarinnar. Þær hugmyndir sem liggja fyrir eru
ásættanlegar af hendi stjórnar. Stjórn óskar eftir að Börkur reikni út
það rými sem kemur í hlut BÁ samkvæmt fyrirliggjandi hugmyndum .
Í framhaldi af þessu mun stjórn ganga til samningi við
Björgunarfélagið um nýtingu hússins samanber 4. grein
viljayfirlýsingar dagsett þann 28. júní 2006.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 10.50

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson Margeir Ingólfsson